



## Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Björgunarsveitarinnar Kyndils

Mosfellsbær kt. 470269-5969 og Björgunarsveitin Kyndill kt.500377-0709, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1. grein

#### Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt frístundastarf í Mosfellsbæ.

Björgunarsveitin Kyndill skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða unglíngum upp á skipulagt starf undir leiðsögn hæfra leiðbeinenda. Samhliða þjálfun og kennslu í inntaki björgunarstarfa skal starf með unglíngum taka mið af mikilvægi forvarna í víðum skilningi.

Mosfellsbær mun styðja fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll sveitarinnar með samkomulagi um framlag til mannvirkis hennar, afnotum vegna unglíngastarfs og beinum fjárframlögum.

### 2. grein

#### Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær skal greiða Björgunarsveitinni Kyndli árleg fjárframlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins:

#### **2.831.514 kr. Framlag til unglíngastarfs**

Framlaginu skal verja til barna- og unglíngastarfs félagsins. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu miðað við nóvember árið áður, auk 3% hækkunar á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda.

#### **519.111. kr. Framlag til mennta- og styrktarsjóðs**

Framlaginu skal verja til að styðja við einstaklinga eða hópa innan sveitarinnar vegna námskeiða, til að styðja við leiðbeinendur til að sækja sér menntun og þekkingu sem nýtist þeim í starfi með unglíngunum eða til að bæta búnað unglíngastarfsins. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu miðað við nóvember árið áður, auk 3% hækkunar á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

#### **781.193 kr. Framlag vegna eigin afnota af mannvirki sveitarinnar**

Reiknað framlag Mosfellsbæjar vegna afnota Kyndils af eigin húsnæði til unglíngastarfs.. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á byggingavísitölu útgefinni í nóvember árið áður. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

*Framlag til greiðslu fasteignagjalda vegna fasteigna í eigu Kyndils*

Á hverju ári samningstímans skal Mosfellsbær veita Kyndli fjárframlag til greiðslu fasteignagjalda af fasteignum sem eru í eigu félagsins og eru nýttar sem slíkar.

### **3. grein** **Greiðslur**

Framlag til barna- og unglíngastarfs, framlag í afreks- og styrktarsjóðs og afnot af eigin mannvirkjum eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum 1. janúar og 1. júní ár hvert. Greiðslur taka mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í nóvember árið áður, í fyrsta sinn nóvember 2021 vegna greiðslna fyrir 2022. Gera þarf grein fyrir hvernig framlögin eru nýtt í skýrslum til Mosfellsbæjar þegar að eftir því er leitað. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins auk árshlutauppgjöra Kyndils þegar þau liggja fyrir.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárframlögum skv. 2. grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er á um greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér tvær vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísá greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til 3ja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

### **4. grein** **Samskipti samningsaðila**

Stjórn Kyndils tryggir að erindi til Mosfellsbæjar fari um stjórn félagsins.

Íþróttá- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd bæjarins varðandi framkvæmd samningsins.

Tómstundafulltrúi Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við Kyndil vegna samningsins.

Formaður Kyndils kemur fram fyrir hönd sveitarinnar við Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

### **5. grein** **Ábyrgð stjórnar Kyndils og upplýsingaskylda til Mosfellsbæjar**

Stjórn Kyndils ber ábyrgð rekstri og fjármálastjórn félagsins og tryggir að bókhald sé reglulega og réttilega fært. Í áætlunum fyrir næsta ár skal aðgreina rekstur unglíngastarfs frá öðrum rekstri og þurfa áætlanir að liggja fyrir.

Stjórn Kyndils skuldbindur sig til að leggja fram gögn til Mosfellsbæjar um fjárhagsleg málefni félagsins svo og fjölda, aldur og kyn unglínga þegar eftir því er leitað og innan þeirra tímamarka sem tilgreind verða. Gögnin verða hluti þeirra upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjármunum sveitarfélagsins er varið.

Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til stjórnar sem annast ráðstöfun greiðslna í samræmi við samninginn.

## 6. grein

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til íþróttá- og tómstundafélaga, að þau setji sér siðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær og skulu félögin fræða starfsfólk sitt um kynferðislega áreitni/ofbeldi og hvers konar annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagráði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iðkenda og ábyrgðaraðila. Félögin skulu sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi og aðgerðaráætlun þar sé skýr. Hafi félagið ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert á samningstímanum.

## 7. grein


### Endurskoðunarákvæði og gildistími

Samningurinn gildir frá 01.01.2022 til 31.12.2024 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Fyrir 1. júní 2024 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2025

Mosfellsbær 5. apríl 2022

Undirritað með fyrirvara um samþykkt bæjarráðs

F.h. Mosfellsbæjar



Haraldur Sverrisson  
bæjarstjóri

F.h. Björgunarsveitarinnar Kyndils



Helgi Kjartansson  
Formaður Kyndils

